

Verklagsreglur

um viðbrögð þegar bregðast þarf við/stöðva óásættanlega og/eða skaðlega hegðun barna og unglunga í félagsmiðstöðinni Zelsíuz

Samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum eiga þeir m.a. að stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum, tryggja að nemendur geti notið bernsku sinnar og hæfileika í skólastarfi og séu öruggir í öllu starfi á vegum skólans. Rétt eins og grunnskólar á félagsmiðstöðin að setja sér reglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, þar sem úrræði og viðbrögð eiga að stuðla að jákvæðri hegðun og miða að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda. Félagsmiðstöðin Zelsíuz hefur sett sér slíkar reglur.

Verklagsreglurnar taka mið af reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og taka til viðbragða við ítrekuðum brotum nemenda á skólareglum skv. 12. gr. og líkamlegu inngrípi í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar nemenda skv. 13. gr. Líkamlegu inngrípi má eingöngu beita til að stöðva hegðun sem leiðir af sér hættu fyrir nemandann sjálfan, samnemendur eða starfsfólk eða til að koma í veg fyrir eignatjón. Ef beita þarf líkamlegu inngrípi ber að láta tafarlaust af því þegar hættu hefur verið afstýrt. Ávallt skal þess gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Markmið þessara verklagsreglna er að:

- *mynda samræmdan verkferil á fjölskyldusviði sveitarfélagsins gagnvart þeim börnum og unglingum sem víkja frá ábyrgð sinni og skyldum, sbr. reglugerð nr. 1040/2011 og reglum félagsmiðstöðvarinnar.*
- *auðvelda starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar að bregðast við ef upp kemur vandi hjá börnum eða unglingum, svo sem vegna samskipta, hegðunar, ofbeldis og/eða áhættuhegðunar*
- *skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu barna og unglunga, foreldra, starfsfólks félagsmiðstöðvarinnar og fjölskyldusviðs sveitarfélagsins til að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind*

Skilgreiningar

Dæmi um hegðun sem fellur undir þessar verklagsreglur: ítrekuð og alvarleg brot á reglum félagsmiðstöðvarinnar, ítrekuð óæskileg hegðun, vísvitandi skemmdarverk, einelti, hótanir, óásættanlegt orðbragð, andlegt, stafrænt og/eða líkamlegt ofbeldi, vopnaburð, áhættuhegðun barna og unglunga og notkun ávana- og vímuefna. Áhættuhegðun nemenda er skilgreind sem hegðun sem brýtur gegn þeim viðmiðum og reglum sem gilda í umhverfi barna og unglunga og er líkleg til að valda þeim sjálfum eða öðrum skaða. Sem dæmi um líkamlegt inngríp má nefna ef barni eða

ungling er haldið, hann fluttur á milli staða gegn vilja sínum eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti.

Viðbragðsáætlun

1. Tryggja öryggi

- a. Tryggja skal öryggi með fumláusum og öruggum hætti.
- b. Fá aðstoð starfsmanns sem barnið eða unglundurinn treystir eða tengist. Ef um alvarlegt atvik er að ræða skal kalla til fleiri starfsmenn til að tryggja öryggi.
- c. Aðstoða barnið eða unglundurinn út úr aðstæðum og/eða fækka áreitum (getur reynst nauðsynlegt að biðja aðra um að yfirgefa aðstæður).
- d. Líkamlegu inngrípi skal einungis beitt í ýrtruðu neyð skv. 13. gr. (ef nemandinn ætlar að skaða sig eða aðra) og láta af því um leið og hættu hefur verið afstýrt.

2. Skapa ró

- a. Gefa barninu eða unglungi færi á að róa sig niður.
- b. Vera til staðar (stundum gott að segja ekkert um sinn eða tala af yfirvegum).
- c. Þegar barnið eða unglundurinn er tilbúinn og rólegur eru næstu skref rædd. Ef beita þurfti líkamlegu inngrípi eru ástæður þess útskýrðar fyrir viðkomandi og leitað lausna til að það gerist ekki aftur.
- d. Leitað er leiða til að barnið eða unglundurinn geti haldið áfram þátttöku í starfinu
- e. Ef barnið eða unglundurinn á í erfiðleikum með að róa sig niður er haft samband við forsjáraðila viðkomandi og óskað eftir aðstoð þeirra.
- f. Ef um mjög alvarlegt atvik var að ræða eða barnið eða unglundurinn nær ekki að jafna sig, þá er hringt í foreldra og beðið um að sækja viðkomandi.

3. Eftirfylgd og stuðningur

- a. Huga skal að börnum, unglungum og starfsfólki sem verða vitni að atviki og brugðist við með áfallamiðaðri nálgun ef þörf krefur.
- b. Starfsmaður/Stjórnandi Félagsmiðstöðvarinnar ræðir við forsjáraðila barns eins fljótt og hægt er. Áhersla er lögð á að óásættanleg og/eða skaðleg hegðun sé ekki liðin í félagsmiðstöðinni og þurfi hegðunin að stöðva strax. Leitað er lausna í samvinnu við forsjáraðila og barn hvernig hægt sé að koma í veg fyrir slíka hegðun
- c. Ef metin er þörf á, er mótuð aðgerðaráætlun í samráði við barn, forsjáraðila og umsjónarkennara sem allir samþykkja.
- d. Í aðgerðaáætluninni kemur skýrt fram að hverju þarf að huga í umhverfi barnsins eða unglingsins og hvert hlutverk allra er til að koma í veg fyrir óásættanlega og/eða skaðlega hegðun í félagsmiðstöðinni.
- e. Forstöðumaður/staðgengill fylgir máli reglulega eftir með barni, forsjáraðilum og umsjónarkennara og meta hvort einstaklingsbundin aðgerðaáætlun er að styðja við farsæld barnsins í félagsmiðstöðinni.
- f. Ef þörf er á ráðgjöf frá skóla- og/eða velferðarþjónustu þá er beiðnum vísað til lausnateymis/nemendaverndarráðs.

- g. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann er það tilkynnt til barnaverndar og lögreglu ef við á.
- h. Barn eða unglingur getur verið í tímabundinni brottvísun ef það á við, en það er óháð því hvort málið hafi verið vísað til barnaverndar eða lögreglu.
- i. Ef viðunandi árangur næst ekki með ofangreindu er mögulegt að óska eftir aðkomu Landsteymis um farsæld barna.

4. Skráningar og tilkynningar

- a. Forstöðumaður ber ábyrgð á að þeir sem komu að málinu vinni atvikaskráningu á þar til gerðu eyðublaði vegna barnsins eða unglingsins.
- b. Þau sem komu að málinu bera ábyrgð á að vinna atvikaskráningu/slysaskráningu/áverkavottorð vegna starfsmanna á þar til gerðum eyðublöðum. Sjá verklag vegna vinnuslysa gefið út af Sveitarfélaginu Árborg í mars 2023 sem stjórnendur hafa aðgang að.
- c. Sé tilefni til skal upplýsa þá fagaðila sem koma að nemandanum um atvikið skv. 2. mgr. 47. gr. a. í grunnskólalögum nr. 91/2008.

Til áréttingar:

Ef um alvarleg atvik er að ræða, líkt og vopnaburð, áfengis- og vímuefnaneyslu, sölu og dreifingu vímuefna og gróft ofbeldi er hiklaust haft samband við lögreglu og barnavernd. Forsjáraðilar eru upplýstir um atvik. Forstöðumaður ákveður hvort vísa eigi viðkomandi úr félagsmiðstöðinni tímabundið meðan málið er unnið í samráði við foreldra og barnavernd.

Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust. Nemandi skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum. Þá ber forsjáraðilum alltaf að taka þátt í meðferð máls, en telji forsjáraðilar eða forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við úrvinnslu máls er æskilegt að leita aðstoðar utanaðkomandi aðila s.s. fjölskyldusviðs sveitarfélagsins, fagraðs eineltismála og/eða landsteymis um farsæld barna.

Endurskoðaðar verklagsreglur Fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Árborgar, september 2024.

Staðfest í fræðslu- og frístundanefnd þann 11. september 2024